

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskóga-  
byggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun og deiliskipulagsbreytingu:

1. *Deiliskipulag fyrir frístundahúsasvæði í landi Einiholts 3, Biskupstungum.*  
Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 48 frístundahúsalóðum frá 9.057 m<sup>2</sup> til 12.408 m<sup>2</sup>  
að stærð. Húsin mega vera 60 til 100 m<sup>2</sup> en auk þess er leyfilegt að byggja allt að 40  
m<sup>2</sup> kjallara fyrir geymslu og tæknirými.  
Samþykkt í sveitarstjórn 7. október 2003.
2. *Breyting á deiliskipulagi við Einbúa á Laugarvatni, Háholt 3-5.*  
Í breytingunni felst að raðhúsalóð skiptist í tvær lóðir fyrir tvö einbýlishús.  
Samþykkt í sveitarstjórn 22. maí 2007.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingar-  
lög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 15. október 2007.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 30. október 2007